

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 föstudaginn 31. ágúst 2023, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sara Sigmundsdóttir, Ármann Örn Gunnlaugsson, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Örn Arnarson og Tómas Árdal. Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður boðaði forföll með fyrirvara.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Halldór Óli Kjartansson verkefnastjóri.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

## 1. Staða verkefna

### Straumhvörf

Verkefnið er unnið með Austurbrú, SSNE og SSNV. Verkefnið er vöruþróunarverkefni sem tengist flugi. Verkefnið var upphaflega ætlað til þess að þróa vörur fyrir Condor flug. Verkefnið tók breytingum þegar að það flug varð ekki. Verkefnið verður unnið þvert yfir svæðið með áherslur þess í huga.

### Flugið

Voigt Travel – leiguflugið gekk vel í sumar og áætlanir gera ráð fyrir að halda því áfram næsta sumar til Rotterdam. Einnig ætla þau að auka fjölda brottfara næsta vetur í 12 og jafnframt lengja tímabilið, fyrsta flug verður 20. Janúar í gegnum Amsterdam.

Kontiki – svissneska ferðaskrifstofan hyggur á 6 leiguflug í vetur frá Zurich (flogið af Edelweiss sem var með áætlunina í sumar).

easyjet – fyrsta flug 31. Október. Nokkrar ferðaskrifstofur með pakka í sölu sem nýta flugin. Salan fer rólega af stað, þannig að endilega kynna þetta eins vel og hægt er hvar sem þið komið. Mjög mikilvægt að þetta gangi vel. Ferðapjónustuaðilar munu bjóða upp á transfer frá flugvelli og inn í bæ á Akureyri, einnig stendur til að bjóða upp á transfer í Mývatnssveit kringum þessi flug á ákveðnum tímum.

Edelweiss – gekk þokkalega í sumar en nýting langt undir væntingum. Eru búin að setja í sölu næsta sumar (8 vikulegar brottfarir) en þó liggur ekki enn fyrir endanlega ákvörðun um hvort af því flugi verður. Það er þó stefnt á það eins og er, og hægt að kaupa miða nú þegar. Það er hægt að finna frábærar tengingar um alla Evrópu í gegnum Zurich – oft á mjög samkeppnishæfu verði. Endilega hvetja alla til að skoða þessa möguleika og nýta sér þessi flug ef kostur er.

Icelandair – ætla að fljúga þrjá daga í viku tengiflug milli AEY og KEF, frá 15. Okt – 30. Nóv. Verdi Travel að selja pakka til Tene sem notar þessi flug. Voru með afslætti í boði nýlega, fjölskyldudag á Akureyri nýlega ofl. Til að vekja athygli innanlands. Eru einnig að kynna þetta erlendis – veit ekki með hversu miklum krafti samt. En ég veit að víða erlendis er áhugi Icelandair starfsmanna á þessari tengingu.

## Aðflugsbúnaður

AEY – flugvöllur – umræða um mikilvægi þess að bæta aðflug úr suðri. Hægt að gera það með því að hann s.k. Advanced RNP aðflug, sem krefst ekki búnaðar á jörðu niðri heldur er búnaðurinn í flugvélunum. Kostnaður tiltölulega lítill (hef heyrt í kringum 10 milljónir). Flugklasinn mun ýta á eftir því að þetta verði sett í forgang, þar sem þetta gæti stórbætt nýtingarhlutfall flugvallarins t.d. fyrir easyJet (flestar þeirra véla eru með nauðsynlegum búnaði fyrir þetta aðflug).

## Annað í tengslum við flug

Rætt um hvernig MN getur ýtt undir nýtingu frá heimamarkaði á flugi.

## Aðgerðaáætlun stjórnvalda

Vinnan er í fullum gangi og búið er að kynna vefsíðu sem heldur utan um verkefnið. Tillögur starfshópa eiga að koma fram ekki seinna en 15. október. Arnheiður fer fyrir einum hóp. Vinnan til þessa hefur gengið vel og haldnir hafa verið minni haghafa fundir. Vinnan sem nú er unnin hefur verið á áætlun síðan fyrir 4 árum.

## 2. Fjármál

DMO samningar eru lausir um áramót. Samtalið um endurnýjun byrjaði í lok síðasta árs. Það er almenn ánægja með samninga. Öryggismál eru til umræðu. Samningar eru ekki að uppfærast miðað við verðlagsbreytingar. Það er ekki vitað hvort að áfangastaðastofa Höfuðborgarsvæðisins fá hlut úr núverandi fjármagni eða hvort potturinn stækki. Samtal við SSNE og SSVN er í gangi þar sem þau eru milliliðir um samninganna.

Flug samningar eru einnig að losna og almenn jákvæð umræða um endurnýjun. Það er spurning um ákvæði frá Akureyrarbæ sem þarf að skoða.

Sókn á ný fyrirtæki

Auglýsingasala gengur almennt vel

Sókn í ný verkefni

Straumhvörf

Cruise

Vinna fyrir FMS

Verkefni út úr aðgerðaráætlun

Möguleiki á að sækja um styrki á Norðurland vestra beint.

Hækkun húsnæðiskostnaðar vegna verðlags og stækkun í starfsemi

## 3. Staðan á Norðurlandi vestra

Rætt um að taka stefnumótun lengra í tengslum við þróun á hverjum stað fyrir sig. SSNV vilja efla samstarf eins og kostur er. Rætt um hvernig mætti efla samtalið til þess að ná fram markmiðum. Framkvæmdastjóri leggur til að fulltrúar frá SSNV taki samtalið lengra með MN. Samþætting er mikilvæg til þess að nýta tíma og fjárfestingu sem best.

#### 4. Skemmtiferðaskip

Cruise Iceland hefur haft samband varðandi frekara samstarf Markaðsstofa og samtakanna. Ósk er um að ákveðin verkefni færist á milli eða verði unnin af MN/MAS. Ekki eru til fjármunir til þess að sinna verkefnunum sem eru fjölmörg og liggja beint við.

Tillaga um verkefni/erindi til sveitarfélaga til þess að vinna að þessum málaflokki.

Vinna með greininni að lausnum.

Umræða um tækifæri í þessum efnum og gott að geta verið tímalega í þessum verkefnum. Verkefnið er stórt og gögn eru mikilvæg í þessum efnum. Stjórn samþykkir að MN fari í þá vegferð að sækja þetta verkefni.

#### 5. Önnur mál

Uppskeruhátíðin verður haldin 26. október næstkomandi. Hátíðin verður haldin á Blönduósi, Skagaströnd og nágrenni. Hátíðin er afmælishátíð þar sem Markaðsstofan er 20 ára.

Starfsáætlun stjórnar kynnt og óskað eftir tillögum ef einhverjar eru. Fundartímar stjórnar eru á miðvikudögum mánaðarlega og gert ráð fyrir að helmingur funda sé á Teams.

Fleira ekki rætt og fundi slitið af kl. 14:33.

Fundarritari HÓK.